

Grænfánaskýrsla Skýjaborgar 2017-2019

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Apríl 2019

Efnisyfirlit

Um Leikskólann.....	3
Umhverfisnefndir	3
Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum	4
Áætlun um aðgerðir og markmið.....	4
Eftirlit og endurmat.....	8
Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá	8
Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum:	8
Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann	9
Tenging við aðalnámskrá	11
Tenging við skólanámskrána.....	11
Verkefni í verkefnakistuna.....	12
Að upplýsa og fá aðra með	12
Umhverfissáttmáli.....	13
Lokaorð	14
Fylgiskjal 1 – Fundargerðir.....	15
Fylgiskjal 2 – Gátlisti	25
Fylgiskjal 3 – Mánaðartengd grænfánaverkefni	29
Fylgiskjal 4 – Matarsóun bréf til foreldra	30

Um Leikskólann

Einkunnarorð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar eru:
Vellíðan – Virðing – Metnaður – Samvinna.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Leikskólasvið skólans heldur sínu nafni, Skýjaborg og er í sér húsnæði. Sögu leikskóla í Hvalfjarðarsveit má rekja aftur til ársins 1991 þegar stofnað var „Ópið hús í Fannahlíð“. Var það fyrsti vísir að leikskólanum Fannahlíð sem var stofnaður 1996. Fljótlega var hafinn bygging að leikskólahúsnæði í Melahverfi og var leikskólinn Skýjaborg opnaður þar í janúar 1999, þá eins deildar leikskóli, en árið 2007 var leikskólinn stækkaður hefur leikskólasviðið verið síðan þá tveggja deilda með um 40 börn frá 1-6 ára.

Skýjaborg flaggaði sínum fyrsta Grænfána 2010, öðrum 2012, þriðja 2014 og fjórða 2017 (þrjú ár voru á milli til að samstilla Skýjaborg og Heiðarskóla). Hér lítur því dagsins ljós fimmta skýrsla Grænfánaverkefnis leikskólans Skýjaborgar. Þegar sótt var um Grænfánann í fyrsta sinn var ákveðið að fara í gagngera endurskoðun á skólanámskránni og tryggja að umhverfissjónarmið væru eins og rauður þráður í gegnum allt starfið. Þannig er ekki megináhersla á að vinna afmörkuð verkefni er lúta sérstaklega að umhverfisvernd, heldur að í öllu starfi og skipulagi sé hugsað um að tengja við umhverfis- og náttúruvernd og fræðslu. Við endurgerð skólanámskrár og uppfærslum hefur þessu vinnulagi verið viðhaft.

Allt skipulag innanhúss miðar að því að það sé auðvelt og eðlilegt að hugsa um hvað við kaupum inn, hverju við hendum og hvernig við göngum um okkar nærumhverfi. Starfsfólk er sammála um að þessi leið sé góð og að auðvelt sé að vinna með verkefnið þegar það er unnið sem partur af öllu starfinu.

Þegar við unnum að skrefunum sjö (2009-2010), unnum við sérstaklega með þemun rafmagn og vatn, endurbættum umhverfissáttmálann og lögðum áherslu á að raddir barna fengju að heyrast meira í umræðu um umhverfismál. Næstu ár á eftir, 2010-2014, héldum við áfram að vinna með þemað vatn, einnig unnum við með þemun úrgangur og áttthagar. Áhersla 2014-2017 var á áttthaga og lýðheilsu. Áhersla síðustu tveggja ára hefur verið á þemun *neysla og úrgangur og áttthagar og landslag*.

Í skýrslunni er farið yfir stöðu umhverfismála í leikskólanum, þau verkefni sem leikskólinn hefur unnið að á síðastliðnum tveimur árum, ásamt yfirförnum gátlista um umhverfismál í leikskólanum, fundargerðum umhverfisnefnda og öðrum fylgiskjöllum.

Umhverfisnefndir

Í Skýjaborg eru börn í elsta árgangi í umhverfisnefnd ásamt sínum kennara og leikskólastjóra. Síðan haustið 2010 hefur elsti árgangurinn verið í umhverfisnefnd og er áherslan á að hlusta á þeirra viðhorf, skoðanir og hugmyndir. Á fundum er farið vel yfir hlutverk umhverfisnefndarinnar, Grænfánaverkefnið og er reynt að vekja ábyrgðarkennd barnanna fyrir nánasta umhverfi okkar. Fundirnir eru misformlegir eftir viðfangsefnum fundanna. Stundum er fundurinn hefðbundinn, þar sem setið er við borð eða í hring og spjallað um ákveðið viðfangsefni en stundum er viðfangsefnið þannig að það er gert í verki og rætt við börnin á meðan unnið er að ákveðnu umhverfisverkefni.

Einu sinni á ári reynir umhverfisnefnd Heiðarskóla og umhverfisnefnd Skýjaborgar að funda saman og vinna að einhverju umhverfisverkefni, s.s. skoða ummerki vorsins eða gróðursetja (Má sjá í fundargerðum í fylgiskjali 1).

Umhverfisnefnd starfsmanna er óformleg. Þeir tveir kennarar (kennari og leikskólastjóri) sem sitja með börnunum hafa yfirumsjón með verkefninu og halda grænfánafundi með öllu starfsfólki á skipulagsdögum. Ekki eru teknar ákvarðanir nema allt starfsfólkið sé með í ráðum.

Umhverfisnefnd barna fundaði átta sinnum á tímabilinu. Umhverfisnefnd fullorðinna fundaði sex sinnum á tímabilinu. Umhverfisnefnd barna fundaði einu sinni með umhverfisnefnd Heiðarskóla á tímabilinu.

Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum

Áætlað var í upphafi að fara yfir umhverfisgátlista grænfánaverkefnisins með börnunum í umhverfisnefndinni, fá fram þeirra vangaveltur, hugmyndir að markmiðum og þeim sem börnin hafa áhuga á að vinna að á næsta grænfánatímabili. Í upphafi grænfánatímabilsins fór umhverfisnefnd barna yfir gátlistana lýðheilsa, áttahagar og landslag og neysla og úrgangur. Yfirferð á þessum þremur gátlistum sem börnin fóru yfir í upphafi reyndist þeim erfitt og mikil vinna. Við lögðum því ekki á þau að fara yfir fleiri gátlista. Gátlistarnir voru ekki prentaðir út og geymdir. Niðurstöður funda voru skráðar í fundargerðir (Sjá í fylgiskjali 1).

Í lok tímabilsins fór umhverfisnefnd barna yfir gátlista þeirra þemu sem verið var að vinna að, áttahagar og landslag og neysla og úrgangur (Sjá í fylgiskjali 2). Í ljós kom að ekki var ræktað grænmeti á skólalóðinni, enginn notar taubleyjur í leikskólanum, blaut föt fara heim í taupokum en listaverkin fara enn í plastpokum. Við gerum ekki moltu í leikskólanum, sveitarfélagið sér um það og við fáum moltu á vorin. Börnin vita ekki hvað verður um það sem er flokkað. Þau hafa ekki tekið eftir neinu sem þau vilja breyta í kringum skólann og hafa hafa ekki búið til kort af nærsamfélaginu og merkt inn húsin sín o.fl. Eins og kom fram í upphafi tímabilsins þá erum við með kort af Hvalfjarðarsveit og setjum inn mynd af hverju barni þar sem það á heima, en það vantar inn að setja inn örnefni.

Börnin ætla að vera duglegri að teikna báðum megin á blaðið, búa til úr ruslinu, endurvinnna efnivið og reyna að henda sem minnst af mat. Þetta eru einmitt hlutir sem mikið er búið að ræða við börnin síðustu tvö árin. Börnin þekkja mikið af örnefnum í kringum skólann, en þrátt fyrir það vilja þau að kennararnir séu duglegri að benda börnunum á örnefni og þau vilja búa til kort af nærsamfélaginu.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Umhverfisnefnd fullorðinna tók við umhverfisgátlistunum haustið 2017, fór yfir niðurstöður barnanna, völdu þemu og settu niður markmið. Sett var upp aðgerðaráætlun í janúar 2018 sem var svo endurmetin vorið 2018. Hér má sjá aðgerðaráætlunina:

Aðgerðaáætlun Grænfánans 2017-2019, leikskólinn Skýjaborg

Dagsetning: Janúar 2018. Endurskipulagt apríl 2018
Umhverfisnefnd: Allir starfsmenn leikskóla

Pema	Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgir aðilar	Efni/Áhöld	Tímarammi	Árangursmat
Neysla og úrgangur	1. Takmarka úrgang frá skóla	a. Halda utan um magn úrgangs b. Fá Einarbúð í lið með okkur fá fjölnota kassa undir vörur frá þeim því maturinn þaðan hefur komið í pappakössum hingað til sem við þurfum svo að henda. c. Fækka ruslatunnum undir almennt rusl. d. Endurvinnna pappir	Skólastjóri Matráður og leikskólastjóri í samráði við Einarbúð Leikskólastjóri og deildarstjórar Deildarstjórar	Finna og skrá tölur á úrgangi Fjölnota kassar. pappír úr pappirstætara, dagblaðapappír (engin dagblöð koma hingað inn, svo hér erum við að takmarka úrgang frá öðrum), vatn, náttúrulegur efniviður s.s. Laufblöð, ber, strá, lyng.	Sept 2017 - maí 2019 Jan 2018 - maí 2019 jan 2018 - maí 2019 maí - Sept 2018	Kanna hvort magnið minnki. Hvernig tekur Einarbúð í þetta verkefni? Hvernig gengur að nota fjölnota kassa í stað pappakassa? Hvað eru margar ruslatunnur í húsinu? Hvar má fækka ruslatunnum? Var gerður pappír? Hvernig var hann nýttur?
Neysla og úrgangur	2. Að auka vitund barna og starfsfólks á úrgangi	a. Lífærenn úrgangur látinn rotta s.s. Bananahjól o.fl sett í mold. Jafnvel plast og pappa með.	Deildarstjóri Regnboga	Lífærenn og ólífærenn úrgangur. Fata. Mold. Skófla.	Maí - Sept 2018	Skráningar með börnunum. Hvað verður um úrganginn? Hvað lærðum við af þessu?
Neysla og úrgangur	3. Minnka plastnotkun enn frekar	a. Halda áfram að sauma og nota fjölnota poka undir óhrein fót frá börnunum. b. Fá Einarbúð í lið með okkur og fá ávexti frá þeim í fjölnota pokum. c. Setja snýtibréf í maispoka og lífrænu tunnum. d. Draga úr plöstun upplýsinga / verkefna.	Allir starfsmenn Matráður og leikskólastjóri Deildarstjórar og aðrir starfsmenn Allir starfsmenn	Ónýtir bolir heimanað frá börnunum og starfsfólki Fjölnota pokar Litlar tunnur inn á hvora deild / í fataherbergi	Framvegis Jan 2018 - maí 2019 Jan 2018 - maí 2019 apríl 2018 - maí 2019	Eru óhrein fót eitthvað að fara heim í plastpoka? Ástæða. Hvernig gengur að nota fjölnota poka undir ávexti? Hvernig gengur að hafa tunnur með maispokum inni á deildum? Er einungis plastað það sem mun allavega standa allt skólaárið?
Öll þemu	4. Fara eftir mánaðartengda gátlistanum	a. Hafa gátlistann sýnilegan og skipuleggja hvenær farið verður í hugmyndir á listanum í hverjum mánuði fyrir sig.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Mánaðartengdi gátlistinn	sept 2017 - maí 2019	Hvað gerðum við og hvað ekki?
Áttthagar og landslag	5. Auka vitund barna á nærumhverfi	a. Búa til kort af nærumhverfi og setja inn örnefni b. Fara reglulega í göngutúra og ræða örnefni sem við sjáum frá nærumhverfi leikskólans	deildarstjórar Allir starfsmenn	Kort. Ípáð?	jan 2018 - jan 2019 Jan 2018 - maí 2019	Kortíð tilbúið Skrá þegar við förum í göngutúra? Eða Meta á deildarfundum göngutúra og hvað við ræðum? Hvaða örnefni þekkja börnin?
Neysla og úrgangur	6. Að börnin þekki hugtakið matarsóun og hvernig hægt er að takmarka matarsóun sem best.	a. Kanna hvað börnin vita um matarsóun, skrá niðurstöður b. Ræða við börnin um hvað fellist í hugtakinu matarsóun c. Börnin mæla eina viku á hvorri önn hvað mikið af mat er sóað í skólanum, skrá niðurstöður. 1. börnin mæla hvaða mikið fer til spillis við borðhaldið, fer í ruslið. 2. Börnin skoða hvað verður matinn sem er eftir í lok máltíðar. d. Börnin ræða og finna leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun, skrá niðurstöður.	Deildarstjórar og aðrir starfsmenn deilda	Vigt. Blað. Blýantur	Október 2018 - maí 2019	Umræður sem miða að því að kanna hvort: - Börnin þekki hvað fellist í hugtakinu matarsóun. - Börnin þekki leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun. - Hvað sýndu mælingar. Hefur matarsóun minnkað?

Aðgerðaráætlunin hékk uppi í undirbúningsherbergi frá því hún var tilbúin og út grænfánatímabilið. Það gerði kennurum kleift að hafa þetta fyrir framan sig og tækifæri til upprifjunar.

- Markmið 1 – Takmarka úrgang frá skóla

Vel gekk að ná þessu markmiði. Við fengum Einarsbúð í lið með okkur og útvegaði starfsfólk þar fjölnota kassa sem matvæli fara í á milli búðar og leikskóla. Notkunin hefur gengið mjög vel allt grænfánatímabilið. Ruslatunnum var fækkað eins og hægt er. Við teljum að ekki sé hægt að fækka þeim meira. Það er til að mynda einungis ein tunna undir almennt sorp á hvorri deild. Farið var yfir og haldið utan magn úrgangs og þrátt fyrir aðgerðirnar var ekki hægt að sjá minnkun á tímabilinu. Pappír var endurnýttur á tímabilinu og gekk það vel. Ef horft er í ferlið þá byrjar það í leik barnanna með pappírsræmur úr pappírstætara, síðan er fundinn hentugur dagblaðapappír sem börnin rífa niður og bæta út í blönduna. Síðan tekur við pappírsgerðin sjálf. Það hentar vel að vera úti og gefa börnunum kost á að bæta við efnivið úr náttúrunni. Þegar pappírinn er tilbúinn er hann nýttur í listsköpun.



- Markmið 2 – Að auka vitund barna og starfsfólks á úrgangi

Þessu markmiði var náð með því að setja ýmislegt lífrænt og ólífrænt á plastbakka og fylgst var með ferlinu í nokkrar vikur. Sjá mátti að ólífræni efniviðurinn breyttist ekkert en lífræni rotnaði. Bananahýði varð svart og harðnaði en vínber varð að nokkurs konar rúsínu. Miklar og skemmtilegar umræður sköpuðust.



- Markmið 3 – Minnka plastpökunotkun enn frekar

Haldið var áfram að sauma og nota fjölnota poka undir óhrein föt frá börnunum. Ekkert fer heim í plastpoka. Við sjáum meira að segja að brauðpokarnir, sem við söfnum saman og höfum stundum nýtt undir óhrein föt þegar vantar taupoka, eru farnir að safnast upp. Við keyptum fjölnota poka undir ávexti og grænmeti sem hafa farið á milli Einarsbúðar og leikskólans. Þetta hefur gengið mjög vel allt grænfánatímabilið. Gengið hefur mjög vel að draga úr plöstun upplýsinga / verkefna. Við keyptum plastvasa sem límast á veggina og því höfum við lítið sem ekkert plastað af því sem er hengt upp á vegg. Snýtibréf eru tekin sér, fara ekki lengur í almenna ruslið, heldur í lífrænu tunnuna eða í klósettið til að minnka urðun.

- Markmið 4 – Fara eftir mánaðartengda gátlistanum

Gátlistarnir eru og hafa verið sýnilegir á báðum deildum og eru allir ánægðir með þetta fyrirkomulag. Þeir minna starfsfólk á umhverfisverkefnin (Sjá fylgiskjal 3).

- Markmið 5 – Auka vitund barna á nærumhverfi

Ekki gafst tími til að gera kort eins og til stóð. En farið var reglulega í göngutúra og upp á hólinn á skólalóðinni og farið yfir örnefni í nágrenni leikskólans, s.s. Akrafjall, Skarðsheiði, Eyrarvatn, Álfholtsskógur o.fl.

- Markmið 6 – Að börnin þekki hugtakið matarsóun og hvernig hægt er að takmarka matarsóun sem best

Farið var vel í þetta markmið bæði á haustönn og vorönn á líðandi vetri. Í tengslum við matarsóunarverkefni á vorönn var foreldrum sent bréf um matarsóun (sjá fylgiskjal 4). Kannað var í upphafi hvað börnin vissu um matarsóun og í framhaldi rætt við þau hvað fælist í hugtakinu matarsóun. Mælt var í eina viku á hvorri önn hvað fór mikið í rauða dallinn af deildinni og niðurstöður skráðar. Í framhaldi ræddu börnin við matráð hvað yrði um matinn sem verður eftir í lok máltíðar. Eftir það ræddu börnin um leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun (sjá niðurstöður í fundargerð í fylgiskjali 1).



Eftirlit og endurmat

Verkefnastjórar hafa eftirlitshlutverk með verkefninu og passa upp á að umhverfissjónarmið séu tekin til greina við ákvarðanatöku og í verkefnavinnu. Þetta tímabil hafa Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri og Sigurbjörg Friðriksdóttir, deildarstjóri unnið saman sem verkefnastjórar.

Farið var reglulega yfir markmiðin/aðgerðaráætlunina á starfsmannafundum, staða könnuð og áframhald áætlað. Útbúin hefur verið mánaðartengdur grænfánagátlisti sem kemur að góðum notum til að minna starfsfólk á (Sjá fylgiskjal 3). Á deildarfundum var farið yfir mánaðartengda listann reglulega og það sem átti við var sett inn í mánaðardagatal sem er sett upp fyrir starfsfólk og foreldra sem yfirlit yfir mánuðinn (sjá hér: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/skolastarfid/manadardagatal>). Nýjum starfsmönnum er leiðbeint með verkefnið þegar þeir hefja störf við leikskólann.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Hér fyrir neðan er farið yfir annars vegar þau verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum og hins vegar önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni og/eða umhverfismálum.

Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum:

Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðunum má sjá hér að ofan inn í kaflanum um áætlun um aðgerðir og markmið. Til að sýna sem best hvað var gert til að ná markmiðunum verður vísað í Ársskýrslur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar:

Skólaárið 2017-2018: Tekið úr Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2017-2018:

Við höfum haustið 2017 með nýjan grænfána og engin föst markmið. En á síðasta umhverfisnefndarfundum fullorðinna vorið 2017 var hugmyndin að fara yfir umhverfisgátlistana með börnunum og fá fram þeirra vangaveltur og hugmyndir að markmiðum og þeimum fyrir þetta grænfánatímabil. Í september og október voru haldnir þrír umhverfisnefndarfundir með börnunum þar sem farið var yfir gátlista í þeim neysla og úrgangur, áttthagar og landslag og lýðheilsa. Þetta var mikil vinna og tók langan tíma að renna í gegnum hvern gátlista. Ákveðið var að leggja ekki fleiri gátlista á börnin í bili. Haldinn var umhverfisnefndarfundur fullorðinna á skipulagsdegi í janúar. Þar var ákveðið að halda áfram með þemað áttthagar og landslag og taka vel fyrir þemað neysla og úrgangur. Starfsfólk setti niður hugmyndir sem leikskólastjóri og deildarstjórar unnu áfram og settu fram í aðgerðaráætlun sem stendur til vorsins 2019, þegar áætlað er að sækja um næsta grænfána.

Í vetur var ruslatunnum í húsinu fækkað. Farið var í áttak í matarsóun sem lýsir sér í umræðum inni á deildum með börnunum um hugtakið og hvað við getum gert til að minnka matarsóun.

Við höldum áfram að nota fjölnota poka undir óhrein fót og það hefur skilað sér vel til fjölskyldna. Í vetur fengum við að gjöf tilbúna fjölnota poka úr gömlum fótum frá einni ömmu til að mynda. Með svona gjöfum sjáum við að vinnan okkar er að skila sér vel heim og við höfum áhrif út í samfélagið.

Við fengum Einarsbúð í lið með okkur með að hætta að nota einnota og fara yfir fjölnota poka og kassa. Það hefur gengið mjög vel. Einarsbúð kom með nokkra kassa sem fara á milli með vörur í og við keyptum nokkra fjölnota poka sem notaðir eru undir ávexti og grænmeti.

Við tókum ákvörðun að hætta að henda snýtibréfum í almennt sorp, heldur frekar setja í maíspoka í lífrænt sorp eða í klósettið. Það minnkar urðun.

Þrátt fyrir nýjan grænfána og nýtt þema þá höfum við áfram mánaðartengdan gátlista fyrir grænfánann sem er endurskoðaður á hverju hausti. Listinn hangir á deildum og starfsfólk fylgir honum eftir við skipulagningu skólastarfsins.

Skólaárið 2018-2019: Verður í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2018-2019, með mögulega smá breytingum í lokin þar sem farið verður yfir hvað er gert í maí/júní:

Í vetur var haldið áfram að fylgja markmiðum í aðgerðaráætlun Grænfánatímabilsins. Börnin fræddust um lífrænan og ólífrænan úrgang með því að fylgjast með úrgangi rotna. Svo var heilmikil vinna í vetur í tengslum við matarsóun á Regnboganum. Kannað var hvað börnin vissu um matarsóun og í framhaldi rætt hvað fælist í hugtakinu matarsóun. Börnin mældu svo það sem fór í rauðu fötuna (fata sem börnin setja afganga af diskunum sínum í) í heila viku á hvorri önn. Reglulega í allan vetur var svo farið yfir matarsóun með börnunum í matartímum og rætt við þau mikilvægi þess að leyfa ekki mat í samhengi við mikilvægi þess að borða ekki yfir sig. Þannig að börnin hafa mikið þurft að hugsa um hvað þau vilja mikið á diskinn í vetur og velt fyrir sér hvað þau þurfa að borða mikið. Í framhaldi af þessu ræddu börnin við matráð um hvað verður um matinn sem er eftir í lok máltíðar. Þetta var mikil og góð vinna sem skilaði sér heim. Við sendum einnig foreldrum póst um matarsóun.

Öðrum markmiðum á aðgerðaráætlun sem hófust á síðasta skólaári var viðhaldið, s.s. fjölnota kassar og pokar frá Einarsbúð, takmörkun ruslatunna, fjölnota pokum undir óhrein föt viðhaldið, takmörkun á plöstun upplýsinga / verkefna og að hafa mánaðartengda gátlistann sýnilegann og fara eftir honum. Á mánaðartengda gátlistanum eru ýmis árleg verkefni sem tengjast umhverfismennt en e.t.v. ekki markmiðum þessa grænfánatímabils. Í vetur var til að mynda farið í pappírsgerð, hafður rafmagnslaus dagur, útbúið fuglafóður, tínt rusl á Degi umhverfisins, fylgst með farfuglum koma til landsins, ásamt reglulegum gönguferðum og jóga.

Einu markmiði var ekki náð að fullu á þessu grænfánatímabili en það var að auka vitund barna á nærumhverfi. Leiðir sem við ætluðum að fara til að ná þessu var annars vegar að búa til að kort af nærumhverfi og setja inn örnefni og hins vegar að fara reglulega í göngutúra og ræða örnefni sem við sjáum í nærumhverfinu. Seinni leiðinni var vel framfylgt en ekki tókst að útbúa kort.

Ástæða þess að þetta markmið fórst fyrir er líklega það að leikskólanum var í nóvember boðið að taka þátt í Erasmus+ verkefni með Grænfánanum/Landvernd ásamt 10 öðrum skólum á Íslandi og 10 öðrum skólum í Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu. Erasmus+ verkefnið gengur út á að þróa og prófa verkefni í tengslum við lífbreytileika (að læra um pöddur, plöntur, dýr og vistkerfi) fyrir 5-9 ára börn í samstarfi við aðra skóla sem einnig taka þátt. Mun þetta verkefni vara til vors 2020. Í tengslum við þetta verkefni höfum við útbúið og prófað kennsluáætlun um ræktun frá fræi til uppskeru. Við sáðum ýmsum fræjum í febrúar og mars. Passað var upp á vökvun og umpottað þegar þörf var á. Í maí/júní fara plönturnar út í garð og fleira gróðursett sem fer beint út.

Vorið var nýtt í að útbúa næsta grænfánatímabil. Starfsmenn völdu þemu og í framhaldi tekur ný umhverfisnefnd barna við. Hún fer yfir umhverfisgátlista og kemur með hugmyndir að markmiðum og leiðum sem umhverfisnefnd starfsmanna vinnur betur og setur upp í aðgerðaráætlun.

Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann

Önnur fjölbreytt verkefni hafa verið unnin í leikskólanum sem tengjast sjálfbærni og/eða umhverfismennt. Í öllu starfi og öllum verkefnum hugum við að því að sjónarmið umhverfisnefndar séu skýr. Ávallt er horft til þess hvort við séum að nota efnivið sem er umhverfisvænstur í verkefnið og hvort við getum farið aðrar leiðir sem eru umhverfisvænni.

Í nóvember ár hvert hefur verið rafmagnslaus dagur. Með honum viljum við vekja athygli á orkunotkun og hvernig við getum sparað þessa auðlind. Það er mikil spenna hjá börnunum, leika í rökkrinu og nýta upptrekjanleg vasaljós.

Fuglafóðursgerð er orðinn árviss viðburður hjá okkur. Við erum nú farin að hengja fóðrið í trén svo fuglarnir geti verið meira í friði. Gaman er að fylgjast með fuglunum og höfum við fengið fregnir að því að börnin biðja um að gera fuglafóður heima líka og hafa fjölskyldumeðlimir fengið uppskrift hjá okkur. Auk fuglafóðursgerðinni höfum við rifið niður afgangsbrauð og sett út á grasflöt fyrir fuglana þegar mesta frostið er.



Reglulega fara börn og starfsfólk í gegnum endurvinnslukassann sem kemur úr eldhúsinu. Þar velja börnin þann efnivið sem þau geta og vilja nýta í skapandi starfi og leik. Það sem þau vilja/geta ekki nýtt fara þau með út í endurvinnslutunnu.

Á Degi umhverfisins í apríl fara allir út að fegra umhverfi sitt. Við tínum rusl af skólalóðinni og í nágrenni. Tilfinning okkar er að ruslið í kringum okkur er smá saman að minnka á milli ára. Það getur verið að allir séu betur meðvitaðri um að tína upp rusl um leið og þeir sjá það í stað þess að nýta einn dag á ári í það. Það er jákvæð þróun.



Síðan haustið 2013 hefur eldri deildin verið með tré í fóstri, fylgst með því vaxa og dafna. Börnin fara reglulega þangað, gera núvitundar- og jógaæfingar.

Við notum tölvupóst, heimasíðu og skilaboðatöflu til að koma skilaboðum milli skóla og heimilis. Aldrei eru sendir miðar heim með börnunum. Flestir starfsmenn hafa til umráða Ipad og er lögð áhersla á að nota Ipad í stað þess að prenta út gögn.

Í skólasamstarfi elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans hefur umhverfismennt komið mikið við sögu. Elstu börn leikskólans hafa fundað með umhverfisnefnd Heiðarskóla. Þá eru um tvær ferðir yfir árið sem börnin fara í vettvangsferðir út í náttúruna, s.s. skógarferð í Álfholtsskóg og fjöruferð í fjöruna við Grunnafjörð.

Í hópastarfi eru unnin könnunarverkefni þar sem tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni. Börnin velja sjálf viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því, út frá áhuga barnanna. Oft eru þemun tengd umhverfi og náttúru. Verkefnin miðast að því að komið er inn á öll námssvið leikskóla. Síðustu tvö ár hafa börnin til að mynda kannað mýs, hvolpa, kisur, fiska, ljón og hákarla.

Leikskólanum var í nóvember 2018 boðið að taka þátt í Erasmus+ verkefni með Grænfánanum/Landvernd ásamt 10 öðrum skólum á Íslandi og 10 öðrum skólum í Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu. Erasmus+ verkefnið gengur út á að þróa og prófa verkefni í tengslum við lífbreytileika (að læra um pöddur, plöntur, dýr og vistkerfi) fyrir 5-9 ára börn í samstarfi við aðra skóla sem einnig taka þátt. Mun þetta verkefni vara til vors 2020.

Tenging við aðalnámskrá

Tenging við grunnþætti menntunar:

Læsi: Unnið var í hópum þar sem allir voru virkir og miklar samræður áttu sér stað, s.s. á umhverfisnefndarfundum, göngutúrum og í hópastarfi. Í grenndarnámi kynnast börnin orðaforða umhverfisverndar ásamt hugtökum og staðarheitum í nágrenni.

Sjálfbærni: Unnið er að grenndarnámi. Landakort með mynd af börnum og starfsfólki hangir í fataherbergi. Barnahóparnir eiga sér leynistað. Unnið var með heimili, börnin útbjuggu líkan af húsinu sínu og settu mynd af sér við það. Börnin flokka ruslið. Fræðsla um umgengni og virðingu fyrir náttúrunni. Við hirðum rusl sem finnst í náttúrunni. Við leggjum áherslu á að spara vatn, sápu og orku. Við endurnýtum pappír og annað sem til fellur sem hægt er að endurnýta. Við leggjum áherslu á hófsemi.

Lýðræði og mannréttindi: Börnunum eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð, meðal annars í gegnum umhverfisfundir, þar sem þau fá að sjá hvernig fundir virka og hvernig þau geta haft áhrif á umhverfi sitt.

Jafnrétti: Hlustað er á raddir barnanna í öllum verkefnum og þeim leyft að hafa áhrif. Börnin í leikskólanum eiga jafnan rétt til að taka þátt í öllum verkefnum.

Heilbrigði og velferð: Börnin fara reglulega í jóga og slökun. Farið er reglulega í göngutúra og vettvangsferðir um nærumhverfið. Börnin fá holla næringu. Við leggjum áherslu á hófsemi.

Sköpun: Í tengslum við grænfánaverkefnið var unnið að fjölmörgum skapandi verkefnum þar sem megináhersla er á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í þroska barnsins. Börnin velta fyrir sér hvaða efnivið þau geta nýtt úr endurvinnslukassanum og nýta hann gjarnan í skapandi vinnu. Mikil sköpun á sér stað í könnunarverkefnum barnanna.

Tenging við skólanámskrána

Við endurgerð skólanámskrárinnar síðustu ár hafa áherslur umhverfismenntar og sjálfbærnis hafðar að leiðarljósi. Áherslur umhverfismenntar ganga því eins og rauður þráður í gegnum alla skólanámskrána og þannig í gegnum allt skólastarfið.

Verkefni í verkefnakistuna

Skýjaborg skilar ekki verkefni í verkefnakistuna að þessu sinni. Skólinn er þó búinn að útbúa kennsluáætlun í tengslum við Erasmus+ verkefnið og verður hún líklega opinber þegar það verkefni er liðið.

Að upplýsa og fá aðra með

Leikskólinn er stoltur Grænfánaskóli og er lögð áhersla á að nýta hvert tækifæri til vekja athygli á grænfánaverkefninu.

Með reglulegum tölvupóstum bæði frá deildarstjórum og leikskólastjóra fá foreldrar upplýsingar um hin ýmsu grænfánaverkefni sem börnin fást við. Þá fá foreldrar myndir í gegnum leikskólakerfið Karellen.

Í maí 2017 var í síðasta sinn gefið út umhverfisblaðið Heiðarsóley og borið í öll hús í Hvalfjarðarsveit. Í blaðinu er vakin athygli á því hvað skólinn hefur verið að gera tengt umhverfisvernd. Heiðarskóli tók ákvörðun um að hætta útgáfu blaðsins.

Umhverfisverkefni leikskólans eru kynnt á heimasíðu skólans. En á heimasíðunni hefur grænfáninn sér síðu þar sem má finna ýmsar upplýsingar um grænfánann, umhverfissáttmála Skýjaborgar, fundargerðir o.fl. Öðru hverju birtast einnig fréttir á vef Skessuhorns og í blaði Skessuhorns sem er víðlesin miðill á Vesturlandi.

Þegar aðrir leikskólastarfsmenn koma í heimsókn er vel farið yfir alla umhverfismennt sem leikskólinn vinnur að og hefur unnið að.

Umhverfissáttmáli Skýjaborgar

Í leikskólanum er unnið markvisst að því að minnka það umhverfisálag sem leikskólinn veldur. Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar, náttúru, dýra- og mannlífi. Okkar umgengni er öðrum til fyrirmyndar.

Þetta gerir starfsfólk með því að:

- ❖ Hugsa áður en við kaupum.
- ❖ Hugsa áður en við hendum.
- ❖ Fara sparlega með orku inni í leikskólanum.
- ❖ Nýta náttúruna til leikja og náms.

Þetta gera foreldrar með því að:

- ❖ Hafa bílinn ekki í gangi fyrir utan leikskólann
- ❖ Flokka sorp heima fyrir
- ❖ Fara sparlega með hreinlætisvörur og mælast til að nota ekki efni sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
- ❖ Stuðla að því að fara sparlega með raforku, vatn og eldsneyti.

Þetta gera börnin með því að:

- ❖ Passa upp á að ljós séu ekki kveikt þar sem dagsbirta dugir.
- ❖ Nýta náttúrulega hluti sem leikefni.
- ❖ Endurnýta verðlaust efni til að leika með.

Unnin hefur verið áætlun um framkvæmd þessa sáttmála. Áætlunin er endurskoðuð fyrir hvert starfsár og markmið metin.

Lokaorð

Það má vel sjá eftir þessa yfirferð að umhverfismennt er orðin stór hluti af leikskólastarfinu og í raun má segja að allt starf innan leikskólans tengist umhverfismennt eða sjálfbærni beint eða óbeint. Margt sem tengist grænánaverkefninu er orðinn fastur liður í skólastarfinu og er leikskólinn alltaf að bæta við sig þekkingu og takast á við ný verkefni. Búið er að ákveða þemu næstu tveggja ára, en þau verða *lífþreytileiki, orka og vatn*. Næst á dagskrá er að fá umhverfisnefnd barna til að fara yfir umhverfisgátlista sem tengjast þessum þemum og finna í samstarfi við börnin markmið og leiðir.

Á næsta grænánatímabili er einnig á dagskrá að gera umhverfissáttmálann okkar barnvænni, annað hvort taka hann algjörlega í gegn eða halda í þennan fyrir foreldra og starfsfólk og útbúa annan og einfaldari fyrir börnin s.s. lag, ljóð eða slagorð.

Fyrir hönd Skýjaborgar
Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri

Sameiginlegur fundur í umhverfisnefnda Heiðarskóla og Skýjaborgar 5. maí 2017 Kl. 13:00 í Heiðarskóla

Mættir: Elsti árgangurinn í leikskólanum og fulltrúar úr umhverfisnefnd á yngsta stiginu Freyja, Oddur, Aldís og Arnþór Máni, Halldór, Lóa, Ólafur, Hafdís, Eiríkur, Valgarður, Fylkir, Brynja, Natallía og Einar.

- Við ræddum mikilvæg verkefni í umhverfisnefndinni og í okkar skólum. Við viljum fara vel með náttúruna og geta verið úti og leikið okkur. Við pössum vel upp á að flokka ruslið okkar eins og plast, pappír, málma og lífrænan úrgang. Við töluðum um hvað er hægt að búa til úr efninu sem við flokkum og endurvinnum eins og dagblöð og flugvélar. Ýmislegt er líka hægt að nota í listaverk.
- Báðar skólarnir eru líka búnar að tina rusl í hverfinu í kringum skólana.
- Heiðarskólakrakkarnir sögðu frá verkefnunum, söfnunin á farsímum til endurvinnslu og matarvigtnarvikunni.
- Við gróðursettum sallat og blóm í eggjabökkum.
- Myndataka af hópnum

Umhverfisnefndarfundur

6. september 2017

Mættir: Haraldur, Enok, Guðrún Birna, Þóra Kristín.

Fundarstjóri: Sigurbjörg.

Fundarefni: Grænfánamerkið, Umhverfismat: Neysla og úrgangur.

Velkomin á okkar fyrsta grænfánafund.
Kennarinn sýnir börnunum grænfánamerkið.

Kannist þið við þetta merki?

Já.

Hvar sjáum við þetta merki?

Við sjáum merkið þegar við erum að koma í leikskólann, fyrir framan.

Hvaða merki er þetta?

Til þess að vernda jörðina. Til að hafa leikskólann fínan.

Til að vernda jörðina. Hafa jörðina fína.

Í dag ætlum við að meta hvað við erum að gera í leikskólanum okkar til að vernda jörðina. Hér eru fullt af spurningum sem við skoðum. Við gefum broskarl ef við erum að gera rétt ef við erum ekki að gera rétt þá gefum við þeim fýlukarl.

Umhverfismat niðurstöður.

Neysla og úrgangur

Hvað gerum við?

Við endurvinnum og nýtum pappír og tómar umbúðir í sköpun og leik. Við notum handklæði og setjum blaut föt í taupoka. Við reynum að fara vel með dótið okkar.

Við flokkum pappír og plast og förum með í endurvinnslutunnurnar. Við gefum dýrum afgangsmat. Við erum með flokkunarkassa fyrir pappír sem er hægt að nota aftur, fyrir plast og fullnýttar pappír í stofunni okkar. Við vitum að ruslið er sett í ruslabíllinn og gáma og sett á ruslahaugana. Við förum stundum með poka í gönguferðir og tímum upp rusl.

Hvað getum við gert betur?

Reyna að henda ekki mat, setja aðeins það sem við ætlum að borða á diskinn. Hafa sandinn í sandkassanum. Ljósrita sem minnst og þá á báðar hliðar. Taka til, sópa, skúra og ryksuga.

Þess má geta að stundum gáfum við strikakarl ef svarið var stundum.

Fundi slitið.

Grænfánafundur

14. sept. 2017

Mættir: Guðrún Birna, Þóra Kristín, Enok Einar, Haraldur Magnús, Víkingur Aron.

Fundarstjóri/ ritari Sigurbjörg

Fundarefni: Umhverfismat; Átthagar og landslag

Skólalóðin

Á lóðinni okkar er hóll, gras, blóm, tré og líka berjatré. Við leikum okkur mikið úti. Við eigum leynistað í nágrenninu og líka hundraðekruskóg þar sem við þössum litla tréð, syngjum og gerum jógaæfingar. Við förum líka á leikvöllinn, það er gaman þar. Þegar kemur vetur hengjum við fuglamat í trén.

Nærsamfélagið

Í kringum skólann eru mörg hús, í þeim býr fólk, við þekkjum suma. Stjórnsýsluhúsið er líka rétt hjá, þar er fólk að vinna, líka mamma Þóru. Við förum stundum í heimsókn þangað og syngjum fyrir fólkið. Vorsýningin okkar er haldin þar. Við fáum að hjóla á planinu á hjóladögum. Við kveikjum á jólatrénu sem er þar í garðinum. Við höfum ekki tekið eftir neinu sérstöku sem við viljum breyta. Við erum með kort af Hvalfjarðarsveit, þar sem börnin búa er sett andlitsmynd.

Nærumhverfið

Við sjáum fjöll allt um kring. Í nágrenninu er Eiðisvatn, Grunnafjörður og Álfholtsskógur. Sum okkar hafa farið í fjallgöngu, berjamó, fjöruferð, skógarferð og sveitaferð. Við könnumst við nokkur örnefni í kringum okkur og þekkjum hvernig hólar, hæðir og dalir eru. Guðrún Birna heima inni í dal.

Hvað getum við gert betur til að kynnst átthögum og nærumhverfi

Fara í göngutúra, lesa, fara í fjárhúsið, búa til kort af nærumhverfinu og setja inn örnefni.

Börnin teiknuðu myndir af því sem finnst í nærumhverfinu.

Fundi slitið.

Grænfánafundur
28. september 2017
Mættir: Guðrún Birna, Þóra Kristín, Haraldur Magnús, Víkingur Aron.
Fundarstjóri/ ritari Sigurbjörg
Fundarefni: Lýðheilsa

Það er boðið uppá hollan mat í leikskólanum, ávextir og grænmeti er í boði daglega. Það er stundum hreyfistund inni hjá okkur þá förum við í "brautina" það er gaman. Við förum eins oft og við getum í göngutúra og í Hundraðekruskóg að gera jóga. Við eru örugg þar sem við hreyfum okkur, við förum ekki í burtu og erum í vesti, kennarinn passar okkur. Við förum út á hverju degi líka þegar það er rigning og rok, þá förum við hinumegin. Allir eiga vini og við segjum kennaranum ef okkur líður illa í leikskólanum. Við erum dugleg að þvo okkur um hendurnar alltaf þegar við erum búin á klósettinu og þegar við komum inn úr útiveru, og þegar við erum að mála. Það er róleg stund hjá okkur þegar við komum í leikskólann og við hvílum okkur nóg. Við hugsum vel um líkamann okkar og berum virðingu fyrir honum, mamma og pabbi tannbursta okkur, við borðum hollan mat og erum í jóga æfingum og slökun, erum góð við okkur sjálf og vini okkar, annars líður okkur ekki vel. Það er ljótt að skilja útundan, við leikum saman og skiptumst á, allir eru vinir í leikskólanum. Við hringjum í 112 ef það kemur slys. Allir eru glaðir í dag og líður vel.

Hvað getur leikskólinn gert í lýðheilsu? Hvað dettur ykkur í hug...
Við fáum að vera við sjálf, klæðum okkur sjálf og skömmtum okkur mat.
Fundi slitið.

Umhverfisnefndarfundur fullorðinna
4. janúar 2018 kl. 12:45-13:15
Mættar: Aurelia, Eyrún (ritar fundargerð), Gugga, Guðmunda, Guðný, Guðrún, Ingibjörg, Kristín Ása, Stína, Magga Sigga (í veikindaleyfi), Sigurbjörg og Tedda.

Eyrún greinir frá eftirfarandi stöðu:

Ákveðið var á síðasta umhverfisnefndarfundum fullorðinna að fara yfir umhverfisgátlista grænfánaverkefnisins með börnunum í umhverfisnefndinni, fá fram vangaveltur og hugmyndir að markmiðum og þeimum fyrir þetta grænfánatímabil. Nú eru börnin búin að fara yfir þrjá gátlista af 8 sem eru í boði; *Neysla og úrgangur*, *Átthagar og landslag* og *Lýðheilsa*. Það er of mikið fyrir börnin að fara yfir meira, þetta tekur langan tíma og börnin í umhverfisnefndinni hafa ekki mjög mikla þolinmæði. Ákveðið hefur verið að leggja ekki fleiri gátlista á börnin.

Á síðasta grænfánatímabili vorum við með þemun átthagar og landslag og lýðheilsu. Við þurfum því eitt nýtt þema fyrir þetta grænfánatímabil. Það verður neysla og úrgangur þar sem þau eru búin að fara yfir þann gátlista.

Starfsmenn eru til í þetta þema.

Hugmyndir: hvað getum við gert í tengslum við þemað Neysla og úrgangur:

- Taka átak í að henda eins litlum mat og við komumst upp með inni á deildum. Það krefst:
 - Vigta hvað við erum að henda miklum mat. – Til að sjá árangur.
 - Börnin eftir aldri og þroska læri smá saman að skammta sér sjálf og meta hvað þau þurfa að borða mikið.
 - Umræða með börnum eftir aldri og þroska.

- Hvernig tölum við við börnin um matinn?
- Hvað er neysla?
- Hvað er úrgangur?
- Passa að þetta snúist ekki upp í andhverfu sína. Börnin mega borða þangað til þau eru södd. Ef þau eru södd og hafa fengið sér of mikið er betra að henda afganginum og gefa hænunum í stað þess að borða yfir sig.
 - Finna slagorð sem við getum sagt við börnin til að minna þau á að henda eins litlum mat og mögulegt er.
- Mold og afgangar – látið rotna. Hvað verður úr afgangsmat?
- Grafa holu – setja niður bananahýði og skeið – hvað rotnar?
- Verður að vera áþreifanlegt – sjáanlegt fyrir börnin.
 - T.d. gera aftur ruslaskrímsli úr ruslinu sem við tinum úti.

Farið var yfir hugmyndir um hvað leikskólar geta gert á bls. 34 í handbókinni Á grænni grein, umhverfisvitund og sjálfbærni.

- Endurnota og endurnýta eins og frekast er kostur – Það erum við að gera nú þegar og umræðan var á þann veg að ekki væri hægt að gera meira í því.
- Nota endingargóða hluti og gera við það sem skemmist – Við erum að því.
- Hafa grænmetisgarð við skólann – Starfsfólk telur þetta fullreynt. Það var reynt að hafa kartöflugarð utan skólalóðar sem gekk illa og var mikil aukavinna fyrir starfsfólk.
- Hafa fataskiptamarkað og/eða flóaskiptamarkað í skólanum – Ákveðið var að endurvekja skiptibókahilluna. Finna til bækur í hana og auglýsa. Annar markaður var ekki ræddur.
- Hafa skólann plastpokalaus – Við höfum saumað plastpoka fyrir óhrein föt. Notum plastpoka þegar við sendum heim listaverk og blöð úr skúffu. Hvað getum við gert í því? Matráður fékk það verkefni að ræða við Einarsbúð um fjölnota kassa í stað pappakassanna sem við þurfum svo að brjóta saman og borga fyrir urðun.
- Hafa helst ekkert almennt rusl og senda ekkert í förgun eða urðun – Umræða um hvað er í almennu rusli – Það eru handþurrkur og snýtibréf. Snýtibréfin mega fara í maíspoka og brúnu tunnuna. Prófum að setja tunnu undir maíspoka á hverja deild og kannski við inngang, sjá hvernig gengur. Fækka ruslatunnum. Eyrún ræðir við ræstitækni um þörf fyrir poka í ruslutunnunum og hverju er verið að henda?
- Nota taubleyjur – Við sköfum ekki taubleyjur fyrir börnin, en þau mega vera með taubleyjur ef foreldrar óska eftir því.
- Molta lífrænar matarleifar – sveitarfélag er með brúna tunnu og sér um að molta, svo kemur molta hér á hverju vori sem við getum sótt og notað. Svo ekki þörf á að standa í þeirri vinnu í leikskólanum.

Ekki náðist að fara yfir fleiri punkta.

- Fá neysluvörur úr, eða sem næst, heimabyggð – Ekki gafst tími til að ræða. Punktur sendur til matráðs.
- Neyta árstíðarbundins matar – ekki gafst tími til að ræða. Punktur sendur til matráðs.

Markmið þurfa að vinnast áfram hratt og örugglega. Setja niður mælanleg markmið út frá umræðunni og þemanu. Tekið fyrir á næsta deildarstjórafundi.

**Umhverfisnefndarfundur starfsmanna
12.02.2018**

Mættar: Sigurbjörg, Guðmunda og Eyrún ritar fundargerð.

1. Grænfáni framhald á umræðu frá skipulagsdegi 4. jan. Farið yfir punkta um neyslu og úrgang í Hanbdók Skóla á grænni grein.
 - a. Endurvekja skiptibókahilluna.
 - b. Prófum að taka tunnuna í fataherbergi regnboga. Setja fötu undir snýtibréf.
 - c. Pössum upp á flokkun í undirbúningsherbergi. Það eru tveir kassar á gólfi sem í á að fara allur pappír sem ekki er hægt að nýta meira. Þegar kassarnir eru fullir sjá starfsmenn um að fara og tæma úr þeim út í grænu tunnu. Plastaflippur má safna saman og setja í plastpoka hjá Guggu.
 - d. Gera átak í matarsóun – umræða inn á deildum með börnunum eins og við ræddum á skipulagsdegi í jan.
 - e. Hafa kjötlausa daga í hverri viku – það er.
 - f. Hafa fáar ruslatunnur – erum að vinna í því.
 - g. Kaupa í magninnkaupum – matráður. Í góðum farvegi.
 - h. Reikna og ræða vistspor og finna leiðir til að minnka það. ?
 - i. Kanna hvað verður um það sem hent er til endurvinnslu. Möguleiki að ræða í hópum, hvar endar það sem við hendum?
 - j. Fara í vettvangsferð á endurvinnslustöð. – Of langt í burtu og of dýr ferðamáti.

Gróðursetning – Hvað vantar, hugmyndir: Stjúpufræ, sólblóm fyrir hvern og einn til að fara með heim. Karsi. Sáðmold og mold.

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna

14. September 2018

Mættir: Agnieszka, Aurelia, Eyrún, Gugga, Guðmunda, Guðný, Guðrún, Ingibjörg, Íris Tinna, Ragna, Sigurbjörg, Unnur Tedda. Einnig var Margrét Egilsdóttir nemi leikskólaliðanami með okkur þennan dag.

1. Þemu grænfánatímabilsins rifjuð upp og farið yfir fyrir nýja starfsmenn. Neysla og úrgangur og áttahagar og landslag.
2. Áherslur vetrarins – Mánaðartengdi gátlistinn kynntur.
3. Umhverfissáttmálinn – kynntur. Farið yfir í endurgjöf á síðasta grænfána að sáttmálinn okkar væri fullorðinslegur. Ekkert ákveðið með framhald.

Umhverfisnefndarfundur 25. september 2018

Mætt eru: Valey Rún, Þórður Ármann, Bjarndís Guðveig, Sara Margrét, Ísabella Rós, Ingimar Örn og Sigurbjörg Kennari.

Við byrjuðum á að skoða grænfánafánann í Ipadinum. Börnin könnuðust við hafa séð hann áður og að hann væri á veggnum utaná leikskólanum.

Rætt var um hvað felst í því að vera grænfána-leikskóli. Börnin voru meðvituð um að það mætti ekki henda rusli út á grasið, það ætti að ganga vel um jörðina og flokka rusl.

Rætt var um að til að fá nýjan grænfána ætluðum við að leggja áherslu á matarsóun og börnin beðin að svara hvað væri matarsóun.

Maður segir að maður sé saddur og svo segir hann að hann vill fá meira.

Ekki henda mat ekki henda mat ofaní sjó

Það má ekki skilja mat eftir í skólanum á disknum

Það má ekki henda mat í sandkassann.
Það má ekki henda mat út í sjó.
Það má ekki henda mat út á götu.
Það má ekki henda mat í bílnum.
Það má ekki henda mat ofaní sund.

Við ræddum að bráðlega yrði matarsóun deildarinnar skráð í eina viku

Fundi slitið.
Sigurbjörg skrifar fundargerð

Umhverfisnefndarfundur 16. október 2018

Mætt eru: Valey Rún, Þórður Ármann, Bjarndís Guðveig, Sara Margrét, Ísabella Rós, Ingimar Örn og Sigurbjörg Kennari.

Við ræddum matarsóun deildarinnar sem hafði verið skráð í viku.

Nokkrar umræður sköpuðust og voru börnin beðin um að hugsa í eina mínútu um hvað hægt væri að gera til að minnka matarsóun.

Fá lítið á diskinn.
Má ekki taka mikið.
Maður borðar ekki matinn sinn og vill fá meira.
Taka fyrst lítið og fá svo meira.
Borðum allann matinn
Borða allann matinn minn henda ekki
Aldrei taka of mikið
Það má ekki henda mat heima
Ekki henda mat á gólfið.

Fundi slitið.
Sigurbjörg skrifar fundargerð

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna

2. janúar 2019

Mættir: Aga, Aurelia, Guðmunda, Guðrún, Ingibjörg, Íris, Kristín Ása, Ragna, Sigurbjörg, Unnur Tedda og Eyrún ritar fundargerð

Grænfánafundur. Farið yfir grænfánamarkmiðin. Farið yfir hvað er búið að gera og hvað þarf að klára á þessari önn fyrir grænfánaumsókn.

- Lífrænn úrgangur látinn rotna – regnboginn ætlar að gera það aftur og gera skráningar með börnunum. Hvað verður um úrganginn? Hvað lærðum við af þessu?
- Setja snýtibréf í máispoka og lífrænu tunnuna: Það er dallur fyrir snýtibréfin, en mikið er um að fólk hendi tyggjói í hann og það má ekki fara í lífrænt. Þarf að skoða betur.
- Draga úr plöstun upplýsinga – gengur vel. Keyptum fjönota plastvasa sem límast á veggina, ánægja með þá.
- Búa til kort af nærumhverfi og setja inn örnefni – regnboginn ætlar í það nú á vorönn.
- Matarsóun – var gert í haust og önnur vika nú í febrúar. Vantar töskuvigt til að mæla.

Umhverfisnefndarfundur 15. jan 2019

Sameiginlegur fundur allra barna á deildinni.

Rætt var um mikilvægi þess að bera virðingu og umhyggju fyrir dýrum.

Við veltum upp spurningunni hvað er „Fugl“.

Dýr sem flýgur upp í loftið og ætlar að reyna að finna orma.

Dýr sem borðar fræ.

Fuglinn kann að syngja

Flýgur upp í tré.

Flýgur upp í loftið.

Klifrar upp á grein og borðar.

Borðar mat og fljúga.

Bíður upp í tré.

Fljúga hátt upp.

Fljúga upp í hreiður.

Fljúga upp í skýin.

Rætt var um hvers vegna fuglar þurfi fuglafóður.

Þeir lifa ekki á ormum og flugum.

Út af því að það er vetur.

Allt er frosið.

Þeir borða það.


Þeir eru svangir.

Fundi slitið Sigurbjörg skrifar fundargerð.

Umhverfisnefndarfundur 30. janúar 2019

Hugmyndir allra barna á deildinni um hvað verður um matinn sem við borðum ekki og fer í „rauða dallinn“.

Eftir áramót var aftur farið í skrá matarsóun deildarinnar í eina viku.



Hér koma hugmyndir barna á deildinni um hvað verður um matinn sem borðum ekki og fer í „rauða dallinn“.

Í sjóinn
Ofaní sjó
Í sjóinn
Í sjóinn
Í skóflu
Út í sjó
Í sjóinn
Í skóflu
Í sjó
Í sjóinn

Í sandkassann
Í sandkassa
Í sjóinn
Í sjóinn

Síðan kom matráður inn og upplýsti börnin að maturinn sem færi í rauða dallinn færi að mestu í hænurnar sem Jón Þór á, en sumt færi í brúnu tunnuna og yrði að moltu.

Sigurbjörg ritar fundargerð

Umhverfisnefndarfundur 4. febrúar 2019

Sameiginlegur fundur allra barna á deildinni.

Rætt var um væntanlega gróðursetningu.

Við veltum upp spurningunni hvað er „Fræ“.

Ef maður grafar það niður og gefur því vatn þá kemur blóm.

Til að vökva blóm.

Blóm mold.

Fræ sæ.

Fuglamatur.

Laufblað.

Það þýðir fyrir fugla.

Sem vex uppúr moldinni.

Við veltum fyrir okkur spurningunni til hvers notum við fræ

Til að það komi blóm.

Til að blóm vaxi.

Veit ekki.

Hendum því út og gefum fuglunum.

Til að beinin verði sterk.

Til að búa til blóm.

Fyrst setjum við mold í blómapott grófum smá holu svo þarf að vökva svo sprettur upp blóm.

Til að gefa fuglunum.

Fundi slitið

Sigurbjörg skrifar fundargerð

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna

27. febrúar 2019

Mættir: Tedda, Sigurbjörg, Guðrún, Íris Tinna, Ingibjörg og Eyrún ritar fundargerð.

Erasmus + Hob's adventure verkefni

- Starfsmönnum greint betur frá Erasmus+ verkefninu sem leikskólanum bauðst að taka þátt í. Leikskólinn er að fara af stað í tveggja ára Erasmus+ verkefni í samstarfi við Grænánann/Landvernd um lífbreytileika, en Landvernd bauð okkur þátttöku þar sem við höfum unnið svo flott starf í tengslum við lífbreytileika. Verkefnið gengur út á að þróa og prófa verkefni í tengslum við lífbreytileika (eða á mannamáli: að læra um pöddur, plöntur, dýr og vistkerfi) fyrir 5-9 ára börn í samstarfi við Grænánaskóla í Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu. Alls eru 11 skólar (leik- og grunnskólar) á Íslandi ásamt um 10 skólum frá Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu.

- Hugmynd okkar að verkefni í Erasmus+ verkefninu. Farið yfir grunn að kennsluáætlun í tengslum við verkefnið. Öllum líst vel á.
- Út frá kennsluáætlun er hugmynd að gera lítinn matjurtargarð í leikskólanum í vor. Tillaga: Gott að senda heimilinum í hverfinu póst – hjálpumst að umgangast það að virðingu. Dreifimiðar og/eða Facebook.

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna

17. apríl 2019

Mættir: Aga, Aurelia, Guðmunda, Guðrún, Ingibjörg, Íris Tinna, Kristín Ása, Ragna, Sigurbjörg, Úrsúla og Eyrún ritar fundargerð

1. Farið yfir aðgerðaráætlun þessa grænfánatímabils:
 - a. Markmið 1 – Klárt
 - b. Markmið 2 – Var gert í haust, tveir fundir með þetta – tvær myndir til. Ath. það. Myndirnar eitthvað leiðinlegar. Fórum ekki yfir þetta aftur.
 - c. Markmið 3 – Komið – komið plan að gera poka fyrir börnin að fara heim með listaverk. Úr grænfánum og sængurver. Snýtibréf – fara í klósettið.
 - d. Markmið 4 – var nokkuð vel gert.
 - e. Markmið 5 – Farið í göngutúra, en ekki gert kort af nærumhverfi og setja in örnefni.
 - f. Markmið 6 – Algjörlega masterað í vetur.
2. Matjurtargarð, lítið í sniðum svo þetta sé yfirstíganlegt – moltugerð – klára markmið 5.
3. Hvað viljum gera næst? Hugmyndir starfsmanna.
 - a. Vatn 4
 - b. Lýðheilsa 3
 - c. Lífbreytileiki 1
 - d. Náttúruvernd 3
 - e. Eyrún lagði til að lífbreytileiki yrði annað af þeim næsta tímabils vegna Erasmus+ verkefnis (létta á) og varð það samþykkt. Ákveðið er að lífbreytileiki og vatn verði þemu næsta grænfánatímabils.
4. Markmið – vatn og lífbreytileiki – Í maí þarf að fara yfir umhverfisgátlista með börnunum – hverjar eru hugmyndir barnanna – hvað vilja þau vinna með. Í framhaldi setja upp markmið og aðgerðaáætlun til næstu tveggja ára.
5. Ath. með tvo matjurtarkassa – Húsasmiðjunni / Bauhaus / ikea.
 - a. Kassi 1: Graslaukur – kál
 - b. Kassi 2: Kartöflur og gulrætur.
 - c. Muna að senda bréf inn á heimilin í hverfinu.
 - d. Staðsetning – góð staðsetning í vesturhorni.
6. Dýradagurinn – sagt frá Dýradeginum 22. Maí næstkomandi í fyrsta skipti á Íslandi – senda glærur á starfsfólk.

Fylgiskjal 2 – Gátlisti




Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er hugsaður til að auðvelda nemendum að framkvæma umhverfismat fyrir landslag og áttthaga í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

ATH! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðumegin og í stærð A5.

Merkingar:

 Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar

 Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni

 Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Dagsetning: 2. apríl 2019

Undirskriftir þátttakenda: Sigurbjörg
Valdy Rún, 'Isabella Ros, Sara Margrét.

ÁTTTHAGAR OG LANDSLAG

Skólalóðin

Hvað af eftirtöldu er á skólalóðinni?


Tré


Blóm


Gras


Hóll

Eitthvað annað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. Hraun, mosi, lyng, illgresi, sandur, klettur, steinar)

Það er sandur, mold, steinar

 Farið þið út að leika einu sinni á dag eða oftar?			
 Á skólinn útikennslusvæði eða grenndarsvæði?			
 Eruð þið að rækta grænmeti á skólalóðinni?			
 Gefið þið fuglunum á skólalóðinni á veturna?			

Nærsamfélag

Hvað af eftirtöldu er í kringum skólann?



Eitthvað annað? Hvað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. Bókasafn, kirkja, bensínstöð, leikvöllur, fótbolta völlur, íþróttahús, hjúkrunarheimili)

Vitið þið hvað er í húsunum í kringum skólann?			
Hafið þið farið í heimsóknir í húsin í kringum skólann?			Són
Ef já, hafið þið gert eitthvað skemmtilegt með fólkinu sem vinnur þar eða býr þar?			Söngur, sýningar
Hafið þið tekið eftir einhverju sem þið viljið breyta í kringum skólann?			
Ef já, hverju viljið þið breyta?			
Hafið þið búið til kort af nærsamfélaginu ykkar og merkt inná það húsin ykkar o.fl.			

Nærumhverfi

Hvað af eftirtöldu er í nærumhverfinu?



Eitthvað annað? Hvað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. Hraun, tún, dalur, fjörður) fjörður

Eruð þið dugleg að fara í ferðir út fyrir skólalóðina?			
Hafið þið farið í fjallgöngu, fjóruför, berjamó eða annað?			
Þekkið þið örnefni í umhverfinu í kringum ykkur?			
Þekkið þið orð sem lýsa landslagi t.d. hæðir, hólar, dalir o.fl.?			Hólar, lítið þannig mörð og grasi á

Hvað getur skólinn gert til að kynnast betur áttögum og landslagi?

Vera dugleg að benda okkur á örnefni í gönguleðum.
Búa til kort af nærsamfélaginu.

Neysla og úrgangur

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla

Gátlistanum er ætlað að auðvelda nemendum að framkvæma mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum sínum.

Umhverfismatið má nota áður en markmið eru sett fyrir nýtt Grænfánatímabil. Einnig má nota það til að fylgjast með stöðu mála á tímabilinu.

Þessi gátlisti er ætlaður 4-6 ára börnum. Nemendur framkvæma matið með aðstoð kennara, sem les spurningar og leiðbeinir þeim. Við hverja spurningu eru broskallar sem nemendur merkja við. Listinn er ekki

tæmandi og er það í sjálfsvald sett hvort að listinn sé notaður í heild sinni, að hluta eða að notaðar séu aðrar spurningar/-mælingar en koma fyrir á gátlistanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ættu nemendur og starfsfólk að sjá betur hvernig staðið er að málunum innan skólans í þemanu. Sú þekking ætti að ætti að auðvelda nemendum og starfsfólki að ákveða hvaða þema skuli taka fyrir og hvaða markmið séu brýnust.

Leikskóli:

Dagsetning:

Undirskriftir þátttakenda

Merkingar



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Athugið! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvu, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðum megin og í stærð A5. Einnig má plasta listann og nota aftur og aftur.

Neysla og úrgangur

Umhverfismat



Minnkun neyslu og úrgangs og endurnýting	Já	Nei	Athugasemd
Notið þið pappír sem á að henda í sköpun?			
Notið þið tómar umbúðir í sköpun eða leik?			
Ljósrita og prenta kennarar eins lítið og hægt er?			
Ef þeir ljósrita og prenta, nota þeir þá báðar hliðar á blöðunum?			
Er skiptimarkaður í leikskólanum fyrir notuð fót eða eitthvað annað?			
Passið þið að henda aldrei mat?			
Notið þið handklæði eða litla klúta til að þurrka ykkur um munn og hendur?			
Farið þið heim með blaut fót í taupokum og listaverk í pappírmöppum en ekki plastpokum?			
Er einhver með taubleyjur í leikskólanum?			
Fer sandur sem er sópaður upp aftur í sandkassann en ekki í ruslið?			
Farið þið vel með dótið í skólanum svo það skemmist ekki?			

Neysla og úrgangur

Umhverfismat



	Nota allir í skólanum (starfsmenn og nemendur) endurvinnslutunnurnar?			
	Farið þið sjálf með úrganginn í endurvinnslutunnurnar?			
	Fer afgangsmatur í moltugerð eða gefið þið dýrum hann, t.d. grísum eða hænum?			
	Ef hann fer í moltugerð, gerið þið moltu í skólanum?			
	Ef já, takið þið krakkar þátt í moltugerðinni?			
	Ef já, er moltan sett á beðin á skólalóðinni?			
	Vitið þið hvernig á að flokka ruslið í leikskólanum?			
	Skodið flokkunartunnurnar, er eitthvað þeim sem ekki á heima þar?			
	Ef já, finnið út hvað það er og hvar það á að vera			Pappír í plasthúnnu settur í pappirsqum
	Vitið þið hvað verður um það sem er flokkað?			
	Vitið þið hvað verður um það sem er EKKI er flokkað?			
	Farið þið stundum með ruslapoka í gönguferðir og tínið upp rusi?			

Neysla og úrgangur

Umhverfismat



Hvað er flokkað í skólanum?

X Pappír	X Plast	X Lífrænt
Bylgjupappi X	Rafhliðður* X	Málmur X
		Gler X

Flokkið þið eitthvað fleira?

*Ef ekki eru notaðar fjölnota

Hvað getur skólinn gert til að minnka úrgang og endurnýta og endurvinna meira?

Hvað dettur ykkur í hug?

Vera duglegri að teikna báðu megin á blæðið.
Reyna að selja ekki neita á „rauða dældinni“.
Vera enn duglegri að búa til nýr ruslínur.



Grænfánverkefni skólaárið 2018-2019

Meginverkefnið er útivera, gönguferðir og umhverfismennt.

Alla daga hugum við að því að endurnýta og endurvinna það sem hægt er, passa pappírinn, rennandi vatn og ljós/rafmagn.

Ágúst: Pappírsgerð, gönguferðir, leynistaður, ber, fiskabúr

Sept: Könnunarverkefni, haustlitir, lauf, umgengni við náttúruna, réttir, dagur íslenskrar náttúru

Okt: Gönguferðir, nærumhverfið, umferðareglur, matarsóun/mælingar

Nóv: Jólagjafir, endurvinnanlegur efniviður

Des: Vinátta, kærleikur, jóga í 100ekruskógi

Jan: Fuglafóður, gönguferðir

Feb: Könnunar/grænfánaverkefni og sáning

Mars: Prikkla, útijóga, 100ekruskógur

Apríl: Dagur umhverfisins, tína rusl búa til listaverk, matarsóun/mælingar

Mai: Farfuglar, sveitaferð, kort af nærumhverfi - örnefni, umferðarreglur

Júní: Gróðursetning, moltugerð

Fylgiskjal 4 – Matarsóun bréf til foreldra

Matarsóun

8. febrúar 2019

Kæru foreldrar

Þið hafið mörg hver heyrt börnin ykkar tala um matarsóun (þá sérstaklega börn á regnboganum). Í tengslum við grænfánann höfum við unnið með þemað *neysla og úrgangur* á þessu grænfánatímabili (haust 2017 til vor 2019). Við settum okkur það markmið að börnin þekktu hugtakið matarsóun og hvernig hægt er að takmarka matarsóun sem best.

Kannað var í upphafi hvað börnin vissu um matarsóun, svo hefur hugtakið verið rætt við börnin. Í vetur tóku svo börnin á regnboganum eina viku á hvorri önn þar sem þau mældu hvað fór mikill matur til spillis við borðhaldið í hádeginu. Sjá má afrakstur þess í súlurúti sem hangir í fataherbergi. Í framhaldi reynum við að finna leiðir með börnunum til að koma í veg fyrir matarsóun.

Við viljum taka það fram að í tengslum við þessa umræðu höfum við einnig passað að börnin séu ekki að borða yfir sig. Það er ekki hollt að borða of mikið til að klára af disknum. Við æfum okkur í að skammta rétt og/eða biðja um hæfilegt magn eftir svengd.

Við viljum hvetja þær fjölskyldur sem eru ekki þegar að hugsa um matarsóun að skoða þetta vel. Minni matarsóun skiptir máli fyrir heiminn.

Hér er heimasíða landverndar um matarsóun: <https://landvernd.is/matarsoun>. Hér má svo finna upplýsingar um hvað einstaklingar og fjölskyldur geta gert til að stuðla að minni matarsóun á sínu heimili: <http://www.matarsoun.is/default.aspx?pageid=06d03511-0b03-11e6-a224-00505695691b>.

Við erum ótrúlega heppin hér í Hvalfjarðarsveit að geta flokkað afgangsmatvæli, sett í brúnu tunnuna og búið þannig til moltu. Við í leikskólanum erum einnig að gefa hænum hér í sveitinni afganga (ávaxtahýði o.fl). Við notum einnig moltuna, sem sveitarfélagið býr til, fyrir sumarblómin sem við ræktum og í beðin hér í leikskólanum.

Við vonum að þetta sé gott innlegg í umræðuna heima við. Eigið góða helgi kæru fjölskyldur.

Kær kveðja

Starfsfólk Skýjaborgar